

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/1998

**Kvörtun Skeljungs hf. yfir auglýsingum  
Olíufélagsins hf. á „bestu dísilolíunni.“**

**I.**

**Málavextir**

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 26. júní 1998, frá Íslensku auglýsingastofnunni. Í erindinu kvartar auglýsingastofan fyrir hönd Skeljungs hf. yfir auglýsingu Olíufélagsins hf. á sk. gæðadísilolíu. Fyrirsögn auglýsingarinnar er „*Besta dísilolían!*“. Í erindinu segir:

*„Umbjóðendum mínum hjá Skeljungu þykir alvarlega að sér vegið með fullyrðingu þeirri sem fram kemur í... auglýsingu Essó. Ástæðan er sú að enginn algildur mælikvarði er til á gæði dísilolíu. Málið er nokkuð flókið tæknilega en í einföldustu mynd mætti orða það sem svo að dísilolían sem Essó auglýsir sem þá bestu, mætti hugsanlega telja „besta“ á mælikvarða brennisteinsmengunar en ekki t.d. á mælikvarða vélarhlits.*

*Skeljungur hefur í hálfan áratug selt það sem við kusum að nefna Betra bensín, en það bensín er einmitt sérstaklega framleitt og efnabætt með minni mengun í huga. Þennan hálfu áratug hefur Essó ekki séð ástæðu til að fylgja góðu fordæmi Skeljungs um náttúruvernd með því að bjóða viðskiptavinum sínum sambærilegt bensín. Það skýtur skökku við að félagið skuli berja sér á brjóst með þessum hætti, á kostnað samkeppnisaðila sinna, nú þegar loksins er farið að huga að mengunarvörnum af útblæstri bifreiða þar á bæ.“*

**II.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Erindi Íslensku auglýsingastofunnar var sent Olíufélaginu til umsagnar þann 29. júní sl. Svar Olíufélagsins er dags. 1. júlí og þar segir:

„Ef byrjað er á því að víkja að bréfi Íslensku auglýsingastofunnar, þá snýst málið einungis um fyrri hluta bréfsins, þar sem rætt er um dísilolíu. Seinni hlutinn snýst um bensín, sem ekki er hér til umræðu.

Þar er fullyrt að enginn algildur mælikvarði sé til á gæði dísilolíu. Þetta er furðuleg fullyrðing, vegna þess að gæði dísilolíu eru mikilvægt mál og undir smásjá flokkunarfélaga, vélaframleiðenda og opinberra yfirvalda sem nota „algilda mælikvarða“.

Það eru fjölmörg atriði sem verða að vera innan ákveðinna eðlis- og efnamarka til þess að dísilolía uppfylli þær kröfur sem sannanlega eru til hennar gerðar. Bæði getur dísilolían uppfyllt þessar kröfur vel, eða illa og jafnvel alls ekki. Til eru nákvæmar viðurkenndar mælingaraðferðir fyrir hvern og einn lið þessara atriða, svo það er gjörsamlega út í hött, að það sé enginn „algildur mælikvarði“ til á gæði dísilolíu.

Ég tel að það sé tiltölulega fljótlegt að sanna á auðveldan og hlutlausan hátt, að Olíufélagið hf. selji „bestu dísilolíuna“, a.m.k. á Íslandi.

Til þess að byrja með þá er rétt að gera grein fyrir því, að bætiefni þau sem hér um ræðir, má ekki bera saman við bætiefni í bensín, nema að því leyti sem snýr að hreinsun. Bætiefni í bensín snúa því sem næst eingöngu að því að halda vélunum hreinum og stuðla með þeim hætti að minni eldsneytiseyðslu og hreinni útblæstri. Þetta er einungis eitt af mörgum hlutverkum sem sú tegund bætiefna sem um ræðir í dísilolíu gegnir. Í Evrópu og Norður-Ameríku þar sem þessum efnum er bætt í dísilolíuna, þá gengur hún undir nafninu „PREMIUM DIESEL“, þ.e. eldsneyti sem hefur „umframgæði“. Í eigendahandbókum margra dísilvélaframleiðenda, er beinlínis ráðlagt, ef ekki skilyrt, að slík dísilolía sé notuð. M.ö.o., það eldsneyti sem er á markaði og stenst þær gæðakröfur sem gerðar eru hverju sinni á hverjum stað, það fær umframgæði við íblöndun slíkra efna, skammstöfuð MFDA (Multi-functional Diesel Additives), sem við höfum kosið að nefna „Fjölvirk dísilbætiefni“ og sem hér skulu tilgreind og útskýrð:

#### **Dreifi- og hreinsiefni (Dispersants/Detergents):**

Þessi efni eru til þess að fjarlægja kolefnaríkar og gúmkenndar útfellingar úr eldsneytislokum (spíssum). Gúmkennd efni valda því að hreifanlegir hlutir eldsneytiskerfisins standa á sér. Sérstaklega þeir hlutar sem hafa nákvæmastar

rýmdir, t.d. spíssanálar og dæluþólur. Lakk og aðrar kolefnautfellingar sem setjast á spíssanálar, hindra eldsneytisflæði, aflaga úðun eldsneytisins og jafnvel stífla eina eða fleiri rásir „dísunnar“. Afleiðingin verður: Truflun jafnrar eldsneytisúðunar, of stórir úðadropar og ófullkominn bruni eldsneytisins. Þetta vandamál endar í rekstrartruflunum ökutækis, sem koma fram í ójöfnum bruna, aflmissi, vélarglamri, aukinni eldsneytiseyðslu, miklum reyk með óbrunnum kolvetnasamböndum og fastefnaútblæstri.

### **Kveikibætiefni (Cetane improvers)**

Þessi efni hækka svonefnda „cetaneölu“ eldsneytisins, sem er gæðamælikvarði á bruna eldsneytisins. Þessi gæðaviðmiðun er mikilvægur eiginleiki í notkun dísilvéla. Sérstaklega á það við um gangsetningu kaldra véla og notkun að vetrarlagi. Oft er þessi hækkaða „cetaneölu“ sá eiginleiki sem mest er sóst eftir í „Premium Diesel“ eldsneyti. Ekki er tækifæri til þess hér og nú, að skilgreina til fullnustu hvernig „cetaneölu“ hefur áhrif á bruna dísilolíu, en lág „cetaneölu“ orsakar langa kveikibið sem orsakar of hraða þrýstingshækkun við bruna, sem aftur leiðir til óhamins og ófullkomins bruna eldsneytisins. Það leiðir til aukinnar reykmyndunar, vélarglamurs, aukins álags á vélarlhuti og mikils titrings. Þetta er sérstaklega áberandi á vetrum þegar kröfur um aukið kuldaþol dísilolíu kalla á aukningu léttra kolvetnasameinda í samsetningu hennar, en þessar léttu sameindir lækka „cetaneöluna“. Góð kveikibætiefni af nýjustu gerð, hækka „cetaneölu“ dísilolíu um 3 stig að jafnaði, sem er nóg til þess að koma í veg fyrir þennan ágalla, ef notað er fyrsta flokks grunneldsneyti.

### **Smurbætiefni (Lubricity additives):**

Eldsneytisdælu af svonefndri snúnings- eða deiligerð eru notaðar í flestum hraðgengum dísilvélum af minni gerð. Þessi tegund af dælu er eingöngu smurð af því eldsneyti sem um hana fer. Öfugt við svonefnd „línuverk“ sem eru að miklu leyti smurð frá smurolíukerfi vélarinnar. Smurhæfni eldsneytis má lauslega skilgreina sem hæfileika þess til að minnka viðnám milli tveggja málmhluta sem hreyfast hvor gegn öðrum og koma þannig í veg fyrir slit. Önnur strangari skilgreining: Ef af tveimur vökvum með sömu seigju, A og B, A gefur minna viðnám og minna slit eða rispun en B, þá er sagt að smurhæfni A sé meiri. Langflestar rannsóknir á nútíma brennisteinssnauðri dísilolíu sýna að hún hefur minni smurhæfni en eldri gerðir af brennisteinsríkri dísilolíu. Venjulega inniheldur dísilolía með lágu brennisteinsinnihaldi minna af „arómatískum“ kolvetnasamböndum vegna þess að hún hefur fengið meiri vetnismeðferð (hydrotreating) til þess að lækka brennisteinsinnihald hennar.

Þetta lág-„arómatíska“ eldsneyti hefur neikvæð áhrif á náttúrulega smurhæfni og eykur þörf fyrir viðbótarmagn smurefna. Sérstaklega á þetta við um steinolíuríka dísilolíu á veturna.

Það eru í grundvallaratriðum þrjár leiðir til þess að auka smurhæfni eldsneytis:

1. Sníða framleiðslu úr hráolíu þannig að smurhæfni dísilolíunnar aukist.
2. Blanda straumum af smurhæfnisríku eldsneyti í endaframleiðslu hreinsunarstöðva.
3. Nota bætiefni til þess að gefa dísilolíunni þá auknu smurhæfni sem óskað er.

Ef gerðar eru umhverfiskröfur sem útheimta dísilolíu með lágu brennisteinsinnihaldi, eru leiðir 1 og 2 úr leik. Þá eru smurbætiefni nauðsynleg til þess að ná fram fullnægjandi virkni og gangöryggi dísilvéla.

#### **Tæringar- og ryðvörn (Corrosion inhibitors):**

Slík efni eru sett í „Premium Diesel“ til þess að koma í veg fyrir ryð- og tæringarskemmdir á eldsneytiskerfum dísilvéla, sérstaklega tönkum og leiðslukerfum. Þetta eru yfirborðsvirk efni sem í snertingu við vatn mynda olíukennda húð á alla málmfleti. Framleiðendur dísilolíu setja venjulega örlítið magn af þessum efnum í það eldsneyti sem þeir framleiða, til þess verja sín eigin kerfi, en það er að mestu leyti til þurrðar gengið úr olíunni þegar hún nær alla leið til eldsneytiskerfis lokanotanda olíunnar.

#### **Oxunarvarnarefni (Antioxidants) (Súrnunarvarnarefni):**

Þessi efni hindra myndun eldsneytisledju (fuel gum), botnfalls, útfellinga og annara aukaefna af völdum oxunar. Þau geta verndað dísilolíu gegn hrörnunarskemmdum í allt að tvö ár. Dísilolía framleidd eftir nútíma kröfum um umhverfisvernd, getur myndað svonefnd „Peroxíð“ við lengri geymslu. Ýmis þéttiefni eldsneytiskerfa þola illa peroxíð, þau harðna og rýrna og kerfin fara að leka. Oxunarvarnarefni viðhalda einnig því kuldapoli dísilolíunnar sem hún hafði ný.

#### **Vatnsfæli efni og ísvari (Demulsifier and de-icer):**

Þessi efni brjóta niður allar eldsneytis/vatnsblöndur og koma í veg fyrir að vatn í eldsneytiskerfum frjósi í kuldum og valdi rekstrartruflunum.

#### **Froðuvarnarefni (Anti-foam):**

*Kemur í veg fyrir að dísilolían freyði við áfyllingu og valdi þannig töfum og mengun við afgreiðslu hennar á ökutæki.*

***Lyktareyðir (Reodourants):***

*Dregur úr óþægilegri lykt af dísilolíu.*

***Bakteríuvarnarefni (Biocides):***

*Notuð til þess að koma í veg fyrir, eða hægja á vexti bakteríugróðurs í eldsneyti. Slikur gróður getur leitt til slústíflana og rekstrartruflana við sérstakar aðstæður.*

***Sporefni (Tracers) (ef óskað er. Er ekki í nú):***

*Gerir kleift að finna uppruna eldsneytisins, tegund bætiefna og skattflokk, ef óskað er.*

*Auðvelt ætti að vera, jafnvel fyrir leikmann, að sjá að fyrsta flokks dísilolía sem keypt er til landsins og uppfyllir ströngustu gæðakröfur sem gerðar eru til slíks eldsneytis í Skandinavíu og Vestur-Evrópu og síðan blönduð þessum bætiefnum, hefur marga kosti fram yfir þá dísilolíu sem verið hefur og er á markaði hérlendis. Ef við tengjum þessa eiginleika beint við þá eiginleika sem dísilolía Skeljungs hf. hefur í dag, þá kemur tvennt til greina:*

- 1. Vetrarolía þeirra kemur frá Noregi og er án efa framleidd eftir þeim gæða- og umhverfiskröfum sem Ísland á hlutdeild að.*
- 2. Sumarolía þeirra kemur frá Eystrasaltslöndum, þar sem umhverfiskröfur eru minni.*

*Í fyrra tilfellinu væri það mjög til bóta fyrir allan vélbúnað að þeir seldu viðskiptavinum sínum „Premium Diesel“ auk þeirra umhverfisbóta sem yrðu vegna fullkomnari bruna eldsneytisins og minni notkun þess vegna.*

*Seinna tilfellið tekur því varla að minnast á. Ef það er rétt að Skeljungur hf. er að markaðssetja bíladísilolíu frá Eystrasaltslöndunum, sem inniheldur meira en 0,05% af brennisteini, þá er það þeirra mál að bita úr gagnvart yfirvöldum hérlendis. Í reglugerð um mengun vegna dísilolíu í Evrópubandalagslöndunum frá nóv. 97 (EN 590) og sem Íslendingar eru aðilar að, þá var hámark brennisteins sett 0,05%. Að vísu fengu Íslendingar frest til jafnlengdar árið 99 til þess að framfylgja reglunum, vegna hægagangs í stjórnkerfinu hérlendis. Einungis vegna brennisteinsmengunar væri þá dísilolían frá Skeljungu hf. verri*

*en dísilolían frá Olíufélaginu hf. Að öðru leyti vísast til þeirra yfirburða sem „Premium Diesel“ hefur gagnvart vélbúnaði, að undanteknu því, að dísileldsneyti með háu brennisteinsinnihaldi slítur eldsneytiskerfum síður en brennisteinssnautt eldsneyti. Það er þó ekki betra að því leyti, en „Premium Diesel“ og að teknu tilliti til umhverfisáhrifa, hefur „Premium Diesel“ augljósa heildaryfirburði yfir brennisteinsríkt eldsneyti. “*

## 2.

Svar Olíufélagsins var sent Íslensku auglýsingastofunni til umsagnar þann 2. júlí sl. Svar auglýsingastofunnar er dags. 7. júlí og þar segir:

*„...Eins og við var að búast er látið líta svo út að hér sé um einfalt og skýrt mál að ræða. En svo er alls ekki. Það er enginn EINN algildur mælikvarði til á gæði dísilolíu. Nægir að nefna að ein tegund getur farið betur með olíuverkið en önnur með náttúruna. Allt sem sagt er í greinargerðinni um olíuna sem umbjóðandi minn flytur inn og selur eru hreinar getgátur enda hefur Olíufélagið ekki framkvæmt neina rannsókn á efnainnihaldi þeirrar olíu. Þó er m.a. látið í veðri vaka að sú olía sem flutt er um Eystrasaltshafnir - en reyndar framleidd í Rússlandi fyrir Evrópumarkað - standist ekki gæða- og umhverfiskröfur, m.a. varðandi brennisteinsinnihald. Slikt er fullkomlega úr lausu lofti gripið.*

*Þegar beitt er jafn ótvíræðu og vandmeðförnu orðalagi um jafn flókið fyrirbæri og gert er í umræddri auglýsingu hlýtur sönnunarbyrði málsins að liggja algjörlega á hendi gerandans. Ég tel fjarri öllum sanni að með faglegum hætti hafi verið færðar fullar sannanir fyrir þeirri fullyrðingu sem var ástæða kærunnar eins og haldið er fram í greinargerðinni.*

*Ég geri því þá kröfu eins og áður að Olíufélaginu hf. verði bannað að nota orðalagið „besta dísilolían“ í auglýsingunni. Í þessu sambandi vil ég minna á 5. gr. Siðareglna um auglýsingar um samanburð, 7. gr. sömu reglna um last og 21. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti. “*

## 3.

Svar Íslensku auglýsingastofunnar var sent Olíufélaginu til umsagnar þann 8. júlí 1998. Svar félagsins er dags. 10. júlí og þar segir m.a.:

*„Það er sannanlegt, að svonefnd „Premium Diesel“ er betri en sú dísilolía, sem ekki inniheldur MFDA (Multi-fuctional Diesel Fuel Additives)...*

...Ég vil þó taka það skýrt fram, að hvergi hefur því verið haldið fram að EINN algildur mælikvarði væri notaður á gæði dísilolíu. Hið rétta er eins og ég reyndi að sýna fram á með því að benda á þau fjölmörgu atriði sem MFDA bættu, að margir einstakir eiginleikar ráða því hvort dísilolía stenst þær gæðakröfur sem gerðar eru og hversu vel. Á þessu hafa verið framkvæmdar nákvæmar mælingar eftir viðurkenndum aðferðum og sem sanna má. Í sameiningu mynda þessir eiginleikar það gæðamat sem krafist er og við er miðað.

Ekkert sem skrifað var, voru getgátur og vissulega hefur Olíufélagið hf. látið framkvæma fullkomna rannsókn á þeirri dísilolíu sem Skeljungur hf. selur á bensínstöðum sínum. Slíkt gerir Olíufélagið hf. ávallt, enda getur það sem ekki er vitað um samkeppnisaðila komið sér illa. E.t.v. sannast sú kenning á Skeljungu hf. í þessu máli. Einnig lét ég þess getið að Ísland hefði fengið undanþágu fram til nóv. 99, til þess að standa við EN 590 sáttmálann um 0,05% hámarksbrennisteinsinnihald í dísilolíu sem notuð er á bifreiðar. Skeljungur hf. má þess vegna selja dísilolíu með meira brennisteinsinnihaldi, fram að þeim tíma. Hún batnar hins vegar ekkert við það...“

#### 4.

Þann 16. júlí 1998 sendi Samkeppnisstofnun Íslensku auglýsingastofnunar bréf þar sem sagði m.a.:

„Samkeppnisstofnun hefur yfirfarið þau gögn sem Olíufélagið hefur lagt fram til stuðnings fullyrðingunni um „bestu dísilolíuna“ sem og athugasemdir yðar. Miðað við framlögð gögn telur Samkeppnisstofnun að ekki sé ástæða til að véfengja að s.k. „Premium Diesel“, sem nefnd er gæðadísil í auglýsingum Olíufélagsins, sé betri dísilolía en sú sem ekki inniheldur bætiefni.

Því telur Samkeppnisstofnun að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar sé, að svo stöddu, ekki ástæða til að gera athugasemdir við notkun lýsingarorðsins best um þá dísilolíu með bætiefnum sem Olíufélagið selur. Jafnframt vill stofnunin taka fram að ef fram koma rökstuddar upplýsingar eða gögn sem sýna fram á að önnur dísilolía sé jafngóð eða betri dísilolíu Olíufélagsins mun málið verða tekið aftur til meðferðar.

Ef þér hafið athugasemdir fram að færa við framangreinda niðurstöðu vinsamlegast gerið það innan viku frá dagsetningu þessa bréfs.“

## 5.

Athugasemdir bárust frá Skeljungu, dags. 23. júlí 1998, þar segir:

*„Skeljungur hf. hefur mjög alvarlegar athugasemdir fram að færa vegna þeirrar niðurstöðu Samkeppnisstofnunar að „ekki sé ástæða til þess að gera athugasemdir við notkun lýsingarorðsins best um þá dísilolíu með bætiefnum sem Olíufélagið býður.“ (sic) Samkeppnisstofnun hefur með þessari niðurstöðu sinni fallist á að í þessu máli eigi við öflug sönnunarbyrði. Þ.e. að sá, sem á sig telur hallað í auglýsingum og málf lutningi Olíufélagsins hf., í þessu tilviki Skeljungur hf., þurfi og eigi að færa sönnur fyrir því, að fullyrðingar Olíufélagsins hf. standist ekki. Þetta er að okkar mati afskaplega sérkennileg niðurstaða og töluvert á skjön við almennar reglur. Það er okkar mat, að auðvitað ætti þessu að vera þveröfugt farið. Olíufélagið hf. setur fram þessa fullyrðingu og verður því með ótvíræðum hætti að sýna fram á, að fullyrðingin standist. Fráleitt dugar, þegar fullyrt er með slíkum hætti, að tíunda ágæti eigin vöru, heldur verður einnig að gera þá kröfu, að gerður sé samanburður á annarri samskonar vöru, sem boðin er á markaði. Eðlilegt er og sjálfsagt, að sú vinna sé í verkahring þess, sem fullyrðinguna setur fram. Þeir hófu umræðuna og hljóta að verða að standa við stóru orðin. Þess vegna er niðurstaða Samkeppnisstofnunar sérkennileg, svo ekki sé fastar að orði kveðið.*

*Skeljungur hyggst ekki hlíta þessari niðurstöðu og mun því láta bera olíurnar saman með vísindalegum aðferðum, þrátt fyrir að félagið telji það ótvírætt ekki vera í sínum verkahring, eins og áður gat. Slíkur samanburður tekur töluverðan tíma, en að honum loknum mun félagið skila greinargerð til Samkeppnisstofnunar. Farið er fram á frest til að skila niðurstöðu til 10. ágúst nk. að minnsta kosti. Eðlilegt þykir að fara fram á það við Samkeppnisstofnun, að Olíufélaginu hf. verði gert að birta ekki umrædda auglýsingu á meðan þessi rannsókn fer fram. Skeljungur áskilur sér allan rétt til frekari aðgerða að fenginni endanlegri niðurstöðu í málinu.“*

## 6.

Í framhaldi af athugasemdum Skeljungs tilkynnti Samkeppnisstofnun Olíufélaginu að lögð yrðu fram frekari gögn í málinu. Jafnframt var þess farið á leit við Olíufélagið að sk. gæðadísilolía yrði ekki auglýst sem „besta dísilolían“ þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir. Olíufélagið hefur farið að þessum tilmælum Samkeppnisstofnunar.



## 7.

Þann 30. júlí 1998 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Olúfélaginu. Þar segir m.a.:

*„Í tilefni þess, að Skeljungur hf. segist ætla að láta gera rannsókn sem sanni það, að dísilolía fyrirtækisins sé a.m.k. jafngóð og sú sem Olúfélagið hf. selur, er rétt að taka fram eftirfarandi:*

- *Útilokað er að framkvæma samanburðarrannsókn á hæfni mismunandi eldsneytis fyrir dísilvélar fyrir 10. ágúst nk. Slík rannsókn tekur marga mánuði með sérbúnum vélum til samanburðarrannsókna og kostar milljónir króna.*
- *Niðurstöður rannsókna á „Premium Diesel“ og óefnabættum dísilólíum liggja nú þegar fyrir hjá ýmsum aðilum erlendis og hjá Olúfélaginu hf., frá framleiðanda bætiefnanna sem félagið notar. Auðvelt er því að afla þessara upplýsinga til að meta fullyrðingar Olúfélagsins hf. um bestu dísilólíuna.*
- *Einföld stofurannsókn á eðliseiginleikum dísilólíu, leiðir ekki annað í ljós en það hvort olían sé innan gæðamarka samkvæmt kröfum sem til hennar eru gerðar hverju sinni.*
- *Umræða um bestu dísilólíuna snýst ekki um hvort „grunneldsneyti“ sem Skeljungur hf. selur sé nógu gott og jafngott og grunneldsneytið sem Olúfélagið hf. selur. Kjarni þessa máls er hins vegar sá, að **góð dísilolía verður enn betri þegar sett hafa verið í hana MFDA bætiefni og olían verður þannig „Premium Diesel“.***
- *Með bætiefnunum nást gæði sem ekki eru fyrir hendi í neinni olíu. „Hegðun“ og bruni olíunnar breytist við notkun, en ekki þeir eðliseiginleikar sem miðað er við til að meta grunneiginleika olíunnar sjálfrar sem eldsneytis.*
- *Setja verður ákveðna fyrirvara vegna þess að ekkert liggur fyrir um hvernig standa á að sýnatöku vegna rannsóknarinnar, enda er augljóst að hlutlaus framkvæmd rannsóknarinnar er forsenda þess að hægt verði að taka mark á niðurstöðunni.*
- *Löggiltur og hlutlaus aðili verður að taka rannsóknarsýnin í viðurvist fulltrúa fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli og sjá um rannsóknina að öllu leyti. Að öðrum kosti getur niðurstaða rannsóknarinnar ekki talist virði þess pappírs sem hún er rituð á.*

Ég undirritaður leyfi mér að láta fylgja með niðurstöður dæmigerðrar „stofurannsóknar“ sem ég lét gera á bíla- og skipadísilolíum Skeljungs hf. í fyrri...“

Með erindinu fylgdi greinargerð þar sem segir m.a.:

„Jarðolía er blanda margra ólíkra kolvetnasambanda. Við upphitun hegða þau sér á mismunandi hátt. Sum gufa fljótlega upp, önnur síður. Þetta notfæra menn sér við framleiðslu mismunandi eldsneytis- og efnategunda. Í svonefndum einingarturnum aðskiljast tegundirnar sundur, þær léttustu koma út efst og þær þungu neðst. 1. gas, 2. bensín, 3. steinolía, 4. dísilolía, 5. smurólía, 6. svartolía, 7. asfalt. Þetta er mjög einfölduð upptalning á framleiðsluferlinu en rétt röð helstu tegunda.

Að öllu jöfnu er markaðsvirði þessara tegunda í öfugu hlutfalli við eiginþyngd þeirra. Þær léttustu eru dýrar og eftirsóttar, en þær þyngstu ódýrar og minna eftirsóttar á markaði. Ef þyngri tegundirnar eru hitaðar upp undir þrýstingi og eimaðar, kemur í ljós að kolvetnasamböndin tvístrast á nýjan leik. Þetta er nefnt „Thermal Cracking“ og endurtekning verður á framleiðslu mismunandi tegunda. Á næsta stigi eru eimingarrestarnar frá þessu ferli blandaðar svonefndum efnahvötum (katalysatorum) og enn hitaðar upp undir þrýstingi. Efnahvatarnir verða þá til þess, að enn losna léttari kolvetnasambönd frá, án þess að efnahvatarnir verði hluti af breytingunni. Þetta er nefnt „Catalytic Cracking“. Að síðustu eru þyngstu kolvetnasamböndin hituð mjög mikið í talsverðan tíma í sérstökum ofnum sem nefndir eru „Cokers“. Þá losna síðustu eimanlegu kolvetnasamböndin. Þetta er nefnt „Coke Cracking“, en eftir verður fast efni: olíukoks („Oil Coke“).

Þetta er í stuttu og einfölduðu máli sú meðferð sem jarðolían fær í nútíma olíuhreinsistöðvum, sem fullnýta hráefnið. Í elstu og ófullkomnari hreinsunarstöðvum nær meðferð olíunnar ekki svona langt og eftir verður mismunandi mikið af „eimingarrestum“ sem seldar eru á tiltölulega lágu verði til ýmissa nota, t.d. svartolía og asfalt. Ljóst er að hreinsistöðvum af eldri gerðinni fækkar ört. Það sem m.a. flýtir fyrir þeirri þróun er að „umhverfisvænni“ eldsneytistegundir verða tæpast framleiddar nema með nýjustu tækni, t.d. tegundir sem í er lítill sem enginn brennisteinn. Gömlu hreinsunarstöðvarnar eru ekki aðeins ósamkeppnishæfar vegna lélegrar nýtni heldur verður erfiðara með hverju ári að selja framleiðsluna á Vesturlöndum vegna aukinna umhverfiskrafna.

*Vikjum því aftur að því sem lesa má út úr ummælum Skeljungsforsjórans hér að framan, þ.e. að eldsneyti sem unnið er með nútímaaðferðum sé verra en það sem unnið er með eldri aðferðum. Getur þetta staðist? Nei, svo er ekki ef marka má niðurstöður margvíslegra rannsókna og sé litið til gæða þróunarstarfs í olíuiðnaði þar sem sífellt er leitast við að framleiða betra og betra eldsneyti úr jarðolíunni.*

*Þetta er í sjálfu sér sama lögmál og gildir í öðrum tegundum iðnaðar. Tæknin og gæðakröfurnar aukast. Við getum tekið til samanburðar nátengda atvinnugrein, bílaiðnaðinn. Þar hefur orðið mikil breyting frá því í byrjun bílaaldar. Sú rödd væri af flestum talin hjáróma í meira lagi sem héldi því fram að gamli Ford væri betri bíll en nýjasta framleiðsla bílaverksmiðjanna. Gamli Ford stenst einfaldlega ekki þær kröfur sem gerðar eru til nútímabifreiða þótt það geti verið gaman að draga hann fram á hátíðisdögum til þess að minnast liðins tíma.*

*Tæpast er viðeigandi, að reyna að sá tortryggni og efasemdum um „krakkaða“ olíu á tímum þegar stefnir í að allt eldsneyti unnið úr jarðolíu verði „krakkað“. T.d. er bensínið sem Skeljungur hf. selur „krakkað“, sömuleiðis selur Skeljungur hf. „krakkaða“ vetrargasolíu og „krakkaða“ SD-olíu. Rússnesk dísilolía Skeljungs hf. gæti allt eins verið „krökkuð“ líka. Tækninni fleygir nefnilega einnig fram í Rússlandi og ég spái því að í nánustu framtíð selji Skeljungur hf. einungis „krakkað“ eldsneyti, gæðanna vegna.“*

## 8.

Þann 10. ágúst sendi Skeljungur Samkeppnisstofnun athugasemdir sínar. Þar segir m.a.:

*„Í þeim gögnum sem Olíufélagið hf. hefur sent Samkeppnisstofnun máli sínu til stuðnings er ekki að finna neinn samanburð á þeim dísilolíutegundum sem íslenskum neytendum standa til boða og því engin leið að fullyrða hvaða félag bjóði bestu dísilolíuna. Í greinargerð Olíufélagsins hf. til Samkeppnisstofnunar frá 1. júlí sl. eru eingöngu tíunduð nokkur bætiefni sem sagt er að hafi verið blandað í dísilolíu félagsins og greint þeim frá þeim áhrifum sem slík íblöndun á að hafa.*

*Með hliðsjón af því að Samkeppnisstofnun hafði ekki undir höndum óháðar upplýsingar um efnainnihald og gæði dísilolíunnar sem deilt er um vekur furðu*

*að stofnunin skyldi ekki afla sér slíkra upplýsinga áður en hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við notkun lýsingarorðsins best í fyrrnefndum auglýsingum um dísilolíu Oliufélagsins hf. Með þessum vinnubrögðum hefur Samkeppnisstofnun fallist á að í þessu máli eigi við öfug sönnunarbyrði, það er að sá sem telur á sig hallað þarf að sýna fram á að haldið sé fram röngum fullyrðingum.*

*Þrátt fyrir að Skeljungur hf. telji það ekki vera í sínum verkahring að afsanna fullyrðingar sem birtast í auglýsingum Oliufélagsins hf. hefur félagið látið óháðar erlendar rannsóknarstofur rannsaka með vísindalegum hætti sýni úr dísilolíum sem íslensku olíufélögin þrjú hafa á boðstólum á bensínstöðvum sínum hér á landi um þessar mundir. Sýni sem tekin voru á stöðvum félaganna voru send, annars vegar til rannsóknastofu FOBAS, sem starfar á vegum Lloyds en hins vegar til rannsóknastofu SAYBOLT sem er óháð stofa í Bretlandi. Hvort tveggja eru viðurkenndar rannsóknastofur sem starfa á heimsvísu og hafa langa reynslu af olíurannsóknum.*

*Áður en vikið er að niðurstöðum hinna erlendu rannsóknastofa er rétt að fram komi að grundvallarmunur er á þeirri dísilolíu sem Skeljungur hf. flytur inn og þeim olíum sem keppinautarnir bjóða. Skeljungur hf. hefur valið að flytja inn dísilolíu, sem ekki þarf að flytja um jafn langan veg. Ástæða þess að rússneska dísilolían hefur orðið fyrir valinu er fyrst og fremst hin miklu gæði sem sú olía býr yfir. Rússneska dísilolían sem Skeljungur hf. flytur inn er kölluð „straight run“ olía, en olía hinna félaganna beggja er svokölluð „krökkuð“ olía. Munurinn liggur í vinnsluferlinu. „Straight run“ kallast sú olía sem aðeins hefur verið einuð einu sinni. „Krökkuð“ olía er hins vegar meira unnin og hefur verið brotin niður, til að mynda með kemískum efnum, í því skyni að ná úr henni efnum sem notuð eru í aðra framleiðslu. Við þetta framleiðsluferli missir „krökkuð“ olía ýmsa mikilvæga eiginleika sem síðar er reynt að vega upp með því að bæta í hana íblöndunarefnum.*

*Eins og ítrekað hefur verið bent á af Skeljungs hálfu er ekki til neinn einn algildur mælikvarði til að dæma gæði dísilolíu. Olía frá einum aðila kann að hafa háa cetane tölu á meðan olía frá öðrum mælist hærra með önnur eftirsóknarverð gildi. Þrátt fyrir þetta geta þær báðar staðist ítrustu kröfur sem gerðar eru samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Með hliðsjón af framansögðu er því ákaflega hæpið að halda því fram að ein tiltekin tegund sé sú besta eins og Oliufélagið hf. staðhæfir í auglýsingum sínum.*

*Skeljungur hf. getur hins vegar fallist á það sem fram kemur í greinargerð Oliufélagsins hf. til Samkeppnisstofnunar að há cetane tala sé mikilvægur eiginleiki í dísilolíu eða eins og segir orðrétt í greinargerð Oliufélagsins frá 1.7. síðast liðnum: „Oft er þessi hækkaða „cetane tala“ sá eiginleiki sem mest er sóst eftir í „Premium Diesel“ eldsneyti.“*

*Þar sem báðir aðilar eru sammála um að cetane innihald sé mikilvæg vísbending um gæði dísilolíu birtum við hér niðurstöður cetane mælinga á sýnum frá báðum félögum. Þess ber að geta að samkvæmt gæðastaðli (EN590) sem Oliufélagið hf. vísar til í greinargerð sinni þarf cetane tala (cetane number) að vera að lágmarki 49 til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru. Önnur cetane mæling, svokallaður cetane index þarf samkvæmt sama staðli (EN590) að vera að lágmarki 46. Báðar rannsóknastofur birtu cetane index niðurstöðu auk þess sem sérstaklega var óskað rannsóknar á cetane number frá SAYBOLT. Niðurstöður rannsókna eru sem hér segir:*

*Cetanpróf 1. (cetane number)*

	<i>Rannsóknastofa SAYBOLT</i>	<i>Rannsóknastofa FOBAS</i>
<i>Dísilolía Skeljungs hf.</i>	<i>49,9</i>	<i>Ekki mælt</i>
<i>Dísilolía Oliufélagsins hf.</i>	<i>47,8</i>	<i>Ekki mælt</i>
<i>Lágmark EN590</i>	<i>49</i>	

*Cetanpróf 2. (cetane index)*

	<i>Rannsóknastofa SAYBOLT</i>	<i>Rannsóknastofa FOBAS</i>
<i>Dísilolía Skeljungs hf.</i>	<i>50,8</i>	<i>51</i>
<i>Dísilolía Oliufélagsins hf.</i>	<i>46,3</i>	<i>47</i>
<i>Lágmark EN590</i>	<i>46</i>	

*Niðurstaða erlendu rannsókna sýnir að cetane gildi í dísilolíu Oliufélagsins hf. mælist lægra hjá báðum rannsóknastofunum heldur en samsvarandi gildi í dísilolíu Skeljungs hf. Í fyrri rannsókninni (cetane number) nær dísilolía Oliufélagsins hf. ekki að uppfylla kröfur gæðastaðalsins EN590, sem Oliufélagið hf. vísar til í greinargerð sinni, á meðan olía Skeljungs hf. uppfyllir kröfurnar og rúmlega það. Í síðari rannsókninni (cetane index) nær dísilolía Oliufélagsins hf. að uppfylla lágmarkskröfur, en cetane gildi Skeljungsolíunnar er mun hærra.*

*Þær niðurstöður sem hér hefur verið greint frá sýna svo ekki verður um villst að Olíufélaginu hf. er ekki stætt á að halda því fram að dísilolía Olíufélagsins hf. sé best. Aðrar niðurstöður úr hinum erlendu rannsóknum skjóta enn frekari stöðum undir þessa ályktun, en þar eð Olíufélagið hf. hefur þegar viðurkennt í greinargerð sinni að há cetane tala sé sá eiginleiki sem mest sé sóst eftir í „Premium Diesel“ olíum sjáum við ekki ástæðu til að lengja þessi skrif frekar.*

*Skeljungur hf. er reiðubúinn að láta fulltríum Samkeppnisstofnunar hinar erlendu rannsóknaniðurstöður í té verði þess óskað. Félagið ætlast hins vegar til þess að þær niðurstöður verði ekki látnar í hendur samkeppnisaðilans. Slikt ætti reyndar að vera óþarfi ef marka má bréf Olíufélagsins hf. til Samkeppnisstofnunar frá 10. júlí síðast liðnum þar sem segir orðrétt: „...vissulega hefur Olíufélagið hf. látið framkvæma fullkomna rannsókn á þeirri dísilolíu sem Skeljungur hf. selur á bensínstöðvum sínum.““*

Að lokum gerir Skeljungur þá kröfu að fyrri úrskurður Samkeppnisstofnunar verði felldur úr gildi.

## 9.

Athugasemdir Skeljungs voru sendar Olíufélaginu til umsagnar þann 11. ágúst 1998. Jafnframt var Skeljungu sent bréf Olíufélagsins frá 30. júlí 1998.

Umsögn Olíufélagsins barst með bréfi dags. 17. ágúst sl. Þar eru ítrekuð fyrri rök en síðan segir:

*„Niðurstöður rannsókna Skeljungs hf. sem eiga að sanna að dísilolía þess félags sé ekki síðri að gæðum en dísilolía Olíufélagsins hf., staðfesta einungis fullyrðingar Olíufélagsins hf. um að einföld „stofurannsókn“ á eðliseiginleikum dísilolíu myndi ekki leiða annað í ljós en það hvort olían sé innan gæðamarka samkvæmt kröfum sem til hennar eru gerðar á hverjum tíma. Útilokað sé að framkvæma raunverulega samanburðarrannsókn á hæfni mismunandi eldsneytis á skömmum tíma. Slík rannsókn taki marga mánuði og kosti milljónir króna.*

*Og meira að segja sagan um „krökkuðu“ olíuna enn dregin fram í nýjasta erindi Skeljungs hf. Um það atriði var fjallað ítarlega í greinargerð Olíufélagsins hf. til Samkeppnisstofnunar 30. júlí sl. og engu er þar við að bæta.*

*Oliufélagið hf. hefur nú þegar tilkynnt framleiðanda þeirrar dísilolíu sem Oliufélagið hf. selur, Statoil AS í Noregi, að Skeljungur hf. haldi því fram að þessi olía standist ekki kröfur samkvæmt gæðastaðli EN 590 (sbr. niðurstöður varðandi cetantölu dísilolíu Oliufélagsins hf. í erindi Skeljungs hf. til Samkeppnisstofnunar). Skemmst er frá að segja að þessar niðurstöður Skeljungs hf. eru ekki í samræmi við niðurstöður rannsókna hlutlausra aðila á hverjum farmi eldsneytis sem til landsins kemur frá Statoil AS.*

*Oliufélagið hf. sér ekki ástæðu til þess að svara frekar niðurstöðum af einkarannsóknnum Skeljungs hf., enda eru þær með öllu óframbærilegt framlag til umfjöllunar um þetta mál. Oliufélagið hf. kappkostar að leggja málefnaleg rök og staðreyndir til umræðunnar og mun ekki fjalla um málið í þeim anda sem Skeljungur hf. kys að hafa í gagnrýni sinni á Samkeppnisstofnun. Kjarni þessarar umræðu á að vera efnabæting oliunnar en Skeljungur hf. reynir í örvæntingu rökþrotsins að búa til úr málinu farsa sem ekkert hefur með raunveruleg gæði eldsneytisins að gera.“*

## 10.

Samkeppnisstofnun sendi athugasemdir Oliufélagsins til umsagnar Skeljungs þann 17. ágúst sl. Svar Skeljungs er dags. 19. ágúst og þar segir m.a.:

*„Eftir þá gagnasöfnun og bréfaskriftir sem fram hafa farið vegna þessa máls standa eftirfarandi staðreyndir upp úr að mati Skeljungs hf.:*

- 1. Samkeppnisstofnun hefur upplýst að samkeppnisyfirvöld túlki 21. grein samkeppnislaga nr. 8 frá 1993 á þann veg að notkun lýsingarorða í efsta stigi, s.s. best, sé óheimil nema auglýsandi geti á auðveldan og hlutlausan hátt sannað fullyrðingar sínar.*
- 2. Oliufélagið hf. hefur ekki fært fram neinar sannanir fyrir þeirri fullyrðingu sem sett er fram í auglýsingum félagsins að það selji bestu dísilolíuna. Í greinargerð Oliufélagsins hf. til Samkeppnisstofnunar frá 1. júlí sl. eru eingöngu tíunduð nokkur bætiefni sem sagt er að hafi verið blandað í dísilolíu félagsins og greint frá þeim áhrifum sem slík íblöndun á að hafa.*
- 3. Upplýst hefur verið að Skeljungur hf. flytur inn svokallaða „straight run“ dísilolíu frá Rússlandi gæðanna vegna. Dísilolía Oliufélagsins hf. er hins vegar svokölluð „krökkuð“ dísilolía frá Noregi. „Krökkuð“ olía er meira unnin og hefur verið brotin niður, til að mynda með kemískum efnum, í því skyni að ná úr henni verðmætum efnum sem notuð eru í aðra framleiðslu.*

*Við þetta framleiðsluferli missir „krökkuð“ olía ýmsa mikilvæga eiginleika sem síðar er reynt að veða upp með því að bæta í hana íblöndunarefnum. Tekið skal fram að þetta framleiðsluferli er ekki til komið af umhverfisástæðum, eins og ætla mætti af skrifum fulltrúa Olíufélagsins hf., heldur til að ná sem mestum verðmætum úr framleiðslunni.*

- 4. Skeljungur hf. hefur fallist á það mat Olíufélagsins hf. að há cetane tala sé mikilvægur eiginleiki í dísilolíu, en í greinargerð Olíufélagsins frá 1.7. síðast liðnum segir orðrétt: „Oft er þessi hækkaða „cetanetala“ sá eiginleiki sem mest er sóst eftir í „Premium Diesel“ eldsneyti.“*
- 5. Rannsókn á sýnum úr dísilolíum frá öllum íslensku olíufélögum sem Skeljungur hf. hefur látið framkvæma hjá óháðum erlendum rannsóknastofum leiðir í ljós að dísilolía Skeljungs hf. er með hærra cetane innihald en dísilolía Olíufélagsins hf. Skeljungur hf. hefur lýst sig reiðubúinn að láta fulltrúum Samkeppnisstofnunar hinar erlendu rannsóknaniðurstöður í té verði þess óskað.*

*Skeljungur hf. óskar eftir að við afgreiðslu þessa máls verði stuðst við staðreyndir en ekki tilfinningahlaðin gífuryrði eins og því miður hafa einkennt um of skrif fulltrúa Olíufélagsins hf. Ásakanir eins og þær sem birtust í greinargerð Olíufélagsins frá 17. ágúst sl. þess efnis að „...Skeljungur hf. reynir í örvæntingu rökþrotsins að búa til úr málinu farsa sem ekkert hefur með raunveruleg gæði eldsneytisins að gera“ eru ekki svara verðar. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á augljósu ósamræmi í málflutningi Olíufélagsins hf.*

*Í bréfi til Samkeppnisstofnunar þann 10. júlí sl. fullyrðir fulltrúi Olíufélagsins hf. að félagið hafi látið framkvæma fullkomna rannsókn á þeirri dísilolíu sem Skeljungur hf. selur á bensínstöðvum sínum. Það er sérstaklega tekið fram að slíkt geri Olíufélagið ávallt, enda geti það sem ekki sé vitað um samkeppnisaðila komið sér illa. Tæpum þremur vikum síðar, þegar upplýst hefur verið að Skeljungur hf. hyggist láta fara fram rannsókn á þeim dísilolíum sem eru á markaðnum eru slíkar rannsóknir að mati Olíufélagsins hf. allt í einu orðnar stofurannsóknir og ekki pappírsins virði. (Sjá bréf Olíufélagsins hf. frá 30. júlí sl.)“*

## 11.

Þann 19. ágúst 1998 sendi Samkeppnisstofnun Olíufélaginu athugasemdir Skeljungs til umsagnar. Svar Olíufélagsins er dags. 1. september 1998. Þar eru enn ítrekuð fyrri rök og lögð áhersla á að sk. „einföld stofurannsókn“ leiði eingöngu í ljós hvort olían sé innan gæðamarka sem hún eigi að vera eftir þeim



kröfum sem til hennar eru gerðar í hverju tilviki. Þá fylgdi svarinu staðfesting framleiðanda dísilolíu Olíufélagsins á að hún standist gæðakröfur EN 590. Þar kemur m.a. fram að í þeirri dísilolíu sem Statoil selji Olíufélaginu sé sk. „cetane number“ að lágmarki 49 og sk. „cetane index“ sé að lágmarki 46.

### III.

#### Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 11. september 1998 var mál þetta til umfjöllunar. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

*„Með vísan til þeirra gagna sem Skeljungur hf. hefur lagt fram kvörtun sinni til stuðnings, telur auglýsinganefnd að ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að sk. gæðadísilolía Olíufélagsins hf. sé betri en dísilolía Skeljungs hf.“*

*Auglýsinganefnd telur því að fullyrðing Olíufélagsins um að sk. gæðadísilolía sé „besta dísilolían“ sé ósönnuð og því brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnilaga.“*

### IV.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Í máli þessu er til umfjöllunar kvörtun Skeljungs hf. yfir auglýsingum Olíufélagsins hf. á „bestu dísilolíunni“. Skeljungur telur að fullyrðing Olíufélagsins standist ekki og með henni sé brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

Upphaf málsins má rekja til þess að Olíufélagið hefur tekið að blanda dísilolíu þá sem fyrirtækið flytur inn með sk. fjölvikum bætiefnum. Þessum efnum er ætlað að auka gæði olíunnar. Olíufélagið hefur kallað þessa olíu gæðadísil og í auglýsingum sagt hana „bestu dísilolíuna“.

Skeljungur lét framkvæma rannsókn á tveimur sk. „cetaneöldum“ díselolíu beggja fyrirtækja. Niðurstaða þeirra rannsókna sýna að gildi dísilolíu Olíufélagsins eru lægri en gildi dísilolíu Skeljungs. Í öðru tilvikinu er gildi dísilolíu Olíufélagsins lægra en framleiðandi olíunnar fullyrðir að sé lágmarksgildi þeirrar olíu sem fyrirtækið selji Olíufélaginu. Olíufélagið dregur í efa gildi rannsókna eins og Skeljungur lét framkvæma.

Í 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Sú almenna regla gildir að auglýsandi þarf að geta fært sönnur á réttmæti staðhæfingar sem hann kemur fram með og á þetta jafnt við um auglýsingar þar sem efsta stig lýsingarorðs, s.s. bestur, er notað sem aðrar auglýsingar. Tulkun samkeppnisyfirvalda á 21. gr. samkeppnislaga er sú að óheimilt sé að nota efsta stig lýsingarorðs í auglýsingum nema auglýsandi geti með auðveldum og hlutlausum hætti fært sönnur á fullyrðingar sínar.

Samkeppnisráð telur að skv. þeim gögnum sem nú liggja fyrir í þessu máli leiki vafi á hvort fullyrðing Olíufélagsins um „bestu dísilolíuna“ standist. Í ljósi þess telur samkeppnisráð þörf á að banna Olíufélaginu að auglýsa sk. gæðadísilolíu sem „bestu dísilolíuna“ þar til fyrirtækið hefur með fullnægjandi hætti sannað fullyrðinguna.

V.

**Ákvörðunarorð:**

**„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Olúfélaginu hf. Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, að auglýsa sk. gæðadísilolíu sem „bestu dísilolíuna“ þar til fyrirtækið hefur með fullnægjandi hætti sannað fullyrðinguna.**

**Bannið tekur gildi við birtingu.“**